

# Ég hef oft hagað mér glannalega

— segir Gylfi Gíslason myndlistarmaður

„Listamenn eru síðustu stéttleysingjarnir á Íslandi. Þeir eru nánast gersamlega réttláusir. Og sennilega stafar það af því, að íslenskt samfélag er ungt og að mörgu leyti grimmt. . .”

Það er Gylfi Gíslason, myndlistarmaður, sem svo fast kveður að orði. Og ég spyr: Bitur? „Nei, alls ekki,” segir hann, „bara raunsær. Þegar ég var um þrítugt stóð ég frammi fyrir persónulegu uppgjöri. Það er aldrei sársaukalaust að gera slíkt. Maður verður að velja og hafna og oftast er ekki aftur snúið. En, nei. . .” hann þagnar og starir hugsi út í loftið: „Nei, ég sé ekki eftir neinu.”

## Trésmíðurinn Gylfi Gíslason.

Ferill Gylfa er kannski svolítið sérstæður. Hann gerist ekki listamaður í þeirri merkingu að hafa í sig og á sem slíkur, fyrr en hann er rúmlega þrítugur.

„Ég er Reykvikingur, en ættaður úr Þingvallasveitinni og sunnan með sjó. Ég fór í Iðnskólann og lærði trésmíði og vann sem slíkur í mörg ár. Þegar ég stóð á þrítugu eða rúmlega það stóð ég á tímamótum. Ég var á þessum tíma giftur og nokkurra



„Listamenn eru síðustu stéttleysingjar á Íslandi.”

barna faðir, átti mér hús, bíl og var í góðri vinnu. Já, ég hafði þetta allt. En allt í einu stóð ég uppi slyppur og snauður. Ég sagði upp vinnunni, sagði skilið við fjölskylduna, húsið, bílinn. Allt gerðist þetta leiftur-snögg, kannski of snögg. En hvað um það: ég var orðinn listamaður, sem helgaði sig list sinni.

Auðvitað gerist svona ekki á einni nóttu. Þetta átti sér langan aðdrag-

anda. Ég hafði verið í ein fimm, sex ár í kvöldskóla Handíða- og myndlistaskólans undir handleiðslu Hringa Jóhannessonar og fleiri. Ég hafði líka kynnt strákum í prógressífri list og sjálfum fannst mér ég ekkert standa þeim að baki, hvað varðaði verklega tækni og í teróriunni. Ég hafði trésmíðina umfram þá, að minnsta kosti suma þeirra. Ég hefði aldrei getað gert



„Ég er ekkert hræddur við að verða fyrir áhrifum.”

svona hluti nema af því ég kann trésmíði. Svo vann ég um tíma á arkitektastofu. Þar lærði ég teikningu, sem hefur hjálpað mér mikið. Annars skal ég segja þér, að ég ætlaði mér alltaf að verða listamaður, þó mig hafi ekki órað fyrir því að verða prófessjónal listamaður fyrr en ég var þrítugur. Ég er sannfærður um, að listamaður milli tvítugs og þrítugs hann hefur ekki myndað sér

sinn eigin stíl. Hann er ekki nógu þroskaður sjálfur til að. . . já, til að fara eigin leiðir.”


## „Vond aðstaða fyrir myndlistarmenn á Íslandi”

— Hvernig er búið að íslenskum myndlistarmönnum?


„Aðstaðan hér fyrir okkur er vægast sagt vond. Það er ekkert húsnæði til leigu fyrir myndlistarmenn, eins og tíðkast alls staðar erlendis, að það er gert ráð fyrir sérstökum vinnustofum listamanna í öllum hverfum. Hér er bókstaflega ekkert. Þetta er sambærilegt við það, að engin leikhús væru til heldur færi öll leikstarfsemi fram í pakkhúsum.

Heyrðu, annars eru tímarnir ógurlega breyttir. Lítum á Kjarval. Þegar hann er að alast upp, hvað hefur hann þá í kringum sig? Lítið. Hann sér aldrei eða sjaldan myndverk annarra, — en við? Við sitjum bara heima í stól með bók í fanginu og sjáum öll heimsins frægustu listaverk, gægjumst inn í listasöfnin. Þess vegna finnst mér, að jaðarmenningu þurfi að skilgreina upp á nýtt. Við höfum hingað til verið í jaðarmenningu vegna staðsetningar okkar lands, en er það ekki liðin tíð?”

— Talandi um Kjarval, þú varst



„Ég er enginn sölumyndamaður.”



„Þá sit ég kannski einhvers staðar og „smæla framan í heiminn.”

